Jónas verður með tónleika í gamla bænum sínum, Þorlákshöfn, í lok mars á Tónum við hafið. Söngkonan Sigrún Hjálmtýsdóttir eða Diddú kemur með honum, en Diddú og Jónas hafa oft komið fram saman á undanförunum árum, bæði hér á landi og erlendis. Tónleikar með þeim tveimur hafa vakið mikla hrifningu, enda hafa þau af miklu að miðla bæði tónlistarlega og sem persónur. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Gluck, Scarlatti, Caldara, Pergolesi, Curtis, Mario, Verdi, Þórarinn Guðmundsson, Jón Ásgeirsson, Jakob Hallgrímsson, Sigvalda Kaldalóns, Gunnar Reyni Sveinsson, Rachmaninoff, Glinka, Tchaikowski og Alabieff.

Miðaverð er 2.000 krónur. Miðar verða seldir við inngang frá klukkan 15:15.

Athygli er vakin á því að ekki er hægt að greiða með greiðslukorti.

Komdu á hestbak hjá Sólhestum í Ölfusi

Staðsetning: Borgargerði, Ölfusi.

Dagsetning viðburðar: 6. apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 10:00–12:00 verður teymt undir börnum, frítt, og frá kl. 13:00–15:00 verður farið í útreiðatúr um fallegar leiðir í Ölfusi.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Í reiðtúrnum frá kl. 13:00–15:00 verður boðið upp á tveir fyrir einn á 7.000.-, þ.e. tveir komast í tveggja tíma reiðtúr með leiðsögumeönnum á verði fyrir einn.

Meitillinn veitingahús Þorlákshöfn

10% afsláttur af matseðli

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 11:30–21:00 alla daga.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Veitingastaðurinn býður upp á pizzur og hamborgara ásamt nokkrum góðum réttum af matseðli t.d. lambakjöt, kjúklinga og bleikju. Í hádeginu er heimilismatur á boðstólum.

Næring fyrir líkama og sál. Tónleikar og matur úr héraði.

Staðsetning: Hendur í höfn, Unubakka 10–12, Þorlákshöfn.

Dagsetning viðburðar: 4. apríl

Tímasetning viðburðar: Húsið opnar kl. 18:00. Tónleikar kl. 20:00.

Borðapantanir í s. 848 3389.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Hugljúfir tónleikar með hljómsveit Reggie Öðins. Frumsamin íslensk popp-og dægurtónlist. Frítt á tónleikana. Matur úr héraði af matseðli.

Allir gestir sem heimsækja Hendur í höfn setja nafn sitt og símanúmer í Leyndardómskassa og verða þeir heppnir gestir dregnir út og þeim kynnt hvaða „Leyndardóm“ þeir hljóta að launum.

Hendur í höfn verður opið alla Leyndardóms dagana.

Hellar á ljósmyndum. Ljósmyndasýning

Staðsetning: Gallerí undir stiganum, sýningarrými Bæjarbókasafns

Ölfuss í Þorlákshöfn.

Dagsetning viðburðar: 3. apríl – 2. maí. Formleg opnun sýningar er fimmtudaginn 3. apríl kl. 18:00. Sýningin stendur yfir út aprílmánuð.

Tímasetning viðburðar: Opnun sýningar er klukkan 18:00–19:00, 3. apríl

Um hverskonar viðburð er að ræða: Þorlákshafnarbúinn Guðmundur Brynjar Þorsteinsson hefur um árabil haft mikinn áhuga á hellum og ljósmyndun. Hann hefur sameinað þessi áhugamál sín og tekið fjölda mynda í skoðunarferðum sínum um hella landsins, en Guðmundur er félagi í Hellarannsóknarfélagi Íslands. Myndir hans hafa nokkrum sinnum birst í Lesbók Morgunblaðsins og eru að finna í tveimur bókum um hella. Þetta er í fyrsta skipti sem Guðmundur sýnir myndir sínar á sýningu, en hann ætlar að taka þátt í hellaskoðun í Arnarker, sem boðið er upp á sunnudaginn 6. apríl og mun fræða gesti um hellinn og hellaskoðunarferðir almennt og aðstoða við að lýsingu í hellinum svo auðvelt sé að ná myndum. Guðmundur Brynjar verður viðastaddur opnun sýningar 3. apríl.

Almar bakari

Staðsetning: Þorlákshöfn

Dagsetning viðburðar: 29. og 30. mars (laugardagur og sunnudagur)

Tímasetning viðburðar: Á opnunartíma

Um hverskonar viðburð er að ræða: 20% afsláttur af öllum brauðum, frítt kaffi fyrir eldri borgara. Súpa, brauð og kaffi á 820 krónur þessa helgi.

Rangárping ytra



Dvöl á Hótel Rangá

Staðsetning: Hótel Rangá, við Suðurlandsveg, 851 Hella.

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl.

Tímasetning viðburðar: Allan sólarhringinn þessa daga.

Um hverskonar viðburð er að ræða:

Gisting fyrir tvo í Standard herbergi með morgunverði á aðeins 15.000.- kr.

Gisting fyrir tvo í Deluxe herbergi með morgunverði á aðeins 20.000.- kr.

2ja rétta Leyndardómsfullur matseðill á 5.900.- kr. á mann.

Bjór- eða vínsmökkun á hverjum degi á milli klukkan 17:00 og 18:00.

Leyndur glaðningur inn á hverju herbergi við komu.

Listahátíðin Hugverk í Heimabyggð.

Staðsetning: Hellubíó Hellu.

Dagsetning: 5. apríl

Tímasetning: kl 10:00 -16:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Listahátíð á vegum nýstofnaðs félags fólks í skapandi greinum í Rangárvallasýslu „Hugverk í heimabyggð“. Meðlimir félagsins fást við list af ýmsu tagi t.d tónlist, gestaprautir, fatahönnun , myndlist, nytjalist úr hreindýrshornum, glerlist og skartgripagerð. Á listahátíðinni verða settar upp vinnustofur listamanna þar sem áhorfandinn getur fylgst með ferli vörunnar frá hráefni til söluvöru sem síðan er hægt að kaupa af listamanninum sjálfum. Tónlistarmenn stíga á stökk og flytja eigin lög og eða texta.

Hænsnasetrið í Pykkvabæ

Staðsetning: Dísukot, Pykkvabæ.

Dagsetning viðburðar: 5. apríl.

Tímasetning viðburðar: Opíð hús frá 13:00-18:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Gestum gefst kostur á að skoða hænsnastofn Júlíusar en hann er með um 200 landnáms hænur og 40 hana. Parna ætla hann að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn þar sem íslenska hænan mun fá verðuga kynningu. Júlíus er með vistvæna ræktun á landnáms hænunni. Ungar verða á staðnum sem verður hægt að klappa

Skoðunarferð í Kartöfluverksmiðju Pykkvabæjar

Staðsetning: Kartöfluverksmiðjan í Pykkvabæ

Dagsetning viðburðar: Laugardagarnir 29. mars og 5 apríl

Tímasetning viðburðar: kl. 12:00 og 14:00 báða dagana.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Skoðun á Kartöfluverksmiðju Pykkvabæjar með leiðsögn.

Kartöfluball í Pykkvabæ

Staðsetning: Íþróttahúsið í Pykkvabæ

Dagsetning viðburðar: 29. mars

Tímasetning viðburðar: kl. 20.00 og fram eftir nóttu.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Matur-skemmtun-ball. Hlaðborð með kartöflu og hrossapema. Hljómsveitin [Helgi Björns & reiðmenn vindanna](#) spila fyrir dansi og verður það skemmtikrafturinn Jóhannes Kristjánsson sem mun sjá um veislustjórn. Sjá Facebook Kartöfluball 2014.

Heilsusetrið Pykkvabæ

Staðsetning: Pykkvabær, Laugaland, Kirkjubæjarklaustur og Vík.

Dagsetning viðburðar: 31. mars – 5. apríl

Um hverskonar viðburð er að ræða:

31. mars kl. 17:30 og 1. apríl verður frítt í jóga í Laugalandi, Erna Jóhannesdóttir kennir.

1. apríl fer fram kyrrðarbæn í Stórálfshvolskirkju, Margrét Guðjónsdóttir leiðir kyrrðarbæn.

2. apríl verður Ösp Viðardóttir næringarþerapisti í Heilsusetrið í Pykkvabæ. Þar mun fókussinn vera á stress og streitu og hvaða áhrif hún hefur á líkamann og hvað hægt er að gera með mataræði og lífstíl. Stutt hugleiðsla í lokin.

4. apríl verða Heilsusetur-konur á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum frá kl. 16:00 og fram á kvöld. Uppl. og tímapantanir í s. 849 3677. Young living olíukynning kl. 20:00 Arnþjórg Kristín Konráðsdóttir verður með hugleiðslu og Gong slökun kl. 18:00 í Íþróttamiðstöðinni, Kirkjubæjarklaustri.

5. apríl í Félagsheimilinu Vík kl. 15:00 og fram á kvöld meðferðir og Yong Living olíukynning kl. 18:00

Karлакór Rangæinga, opin æfing

Staðsetning: Safnaðarheimilið á Hellu.

Dagsetning viðburðar: 3. apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 20:30-22:30

Um hverskonar viðburð er að ræða: Opin æfing hjá kórnum þar sem öllum er velkomið að fylgjast með og sjá hressa karla á öllum aldri þenja raddböndin. Stjórnandi og undirleikari er Guðjón Halldór Óskarsson.

Frítt í sund á Hellu og Laugalandi

Staðsetning: Sundlaugin á Hellu og Laugalandi í Holtum.

Dagsetning viðburðar: Helgin 29. og 30. mars og helgin 5. og 6. apríl (laugardagur og sunnudagur).

Tímasetning viðburðar: Kl. 12:00-18:00 alla dagana.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Frítt verður í sund þessa daga í sundlauginum á Helu og Laugalandi. Báðar laugarnar eru frábærar en taka má fram að ein stærsta rennibraut landsins er í lauginni á Hellu.

Samspilstónleikar Tónlistarskóla Rangæinga

Staðsetning: Laugaland í Holtum.

Dagsetning viðburðar: 1. apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 19:30

Um hverskonar viðburð er að ræða: Tónleikar þar sem fram koma söng- og hljóðfæranemendur skólans og spila saman í mismunandi samspilshópum, á efnisskránni eru fjölbreytt tónlistaratriði. Allir eru velkomnir á tónleikana og aðgangur er ókeypis.

RAX, kaffi, konfekt og tónlist

Staðsetning: Útibú Arion banka á Hellu

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Opnunartími bankans þessa daga

Um hverskonar viðburð er að ræða: Ljósmyndasýning RAX alla Leyndardómsdagana (verður í öllum útibúum bankans á Suðurlandi). Tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Rangæinga, föstudaginn 4. apríl frá kl. 14:30-15:00. Kaffi og konfekt alla vikun í boði fyrir viðskiptavinum.

Rangárping eystra



Þessa heims og annars

-Yfirskilvitleg öfl í Brennu-Njáls sögu eða: Hvað sá Hildiglúmur?

Staðsetning: Sögusetrið á Hvolsvelli

Dagsetning viðburðar: 30. mars.

Tímasetning viðburðar: Kl. 17:00-18:00

Fyrirlestur Ármanns Jakobsonar um Njálu

Brennu-Njáls saga er einhver magnaðasti og auðugasti bókmenntatexti Íslandssögunnar og raunar heimsbókmenntanna. Hún er ekki aðeins áleitin frásögn af harðsvíruðu valdapot og misheppnuðum hjónaböndum heldur geymir hún einhverja áhugaverðustu frásögn 13. aldar frá trúskiptunum við árpúsundamótin 1000. Sagan hefst á álögum Gunnhildar drottningar og snemma þarf Hallgerður langbrók stuðning göldróttis frænda en í sögulok rignir blóði og drengir á Skeiðum sjá gandreiðir. Hvers konar sagnfræði er hér á ferð og hver er staða handanheimsins í skynjun 13. aldar manna?

Ármann Jakobsson er prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Háskóla Íslands. Hann hefur sent frá sér bækur og vísindagreinar í tólf löndum og meðal annars ritað skáldsögur þar sem tekist er á við sagnaarfinn

Njálurefillinn frumsýndur, fyrsti hluti af fjórum fullkláraður.

Staðsetning: Sögusetrið á Hvolsvelli, Hlíðarvegi 14,

Rangárpingi eystra.

Dagsetning viðburðar: 5. – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Opnið frá kl. 10:00-17:00 báða dagana

Um hverskonar viðburð er að ræða: Í Sögusetrinu á Hvolsvelli verður frumsýning á því sem nú þegar er búið að sauma í Njálurefillinn. Aðeins í þetta eina skipti þangað til búið verður að sauma alla 90 metrana. Ómetanlegt tækifæri fyrir alla áhugasama um söguna og handverkið að koma og sjá útkomuna. Sjá nánar, www.njalurefill.is

Sagan sett á svið. Njála og erlendir leikritahöfundar

Staðsetning: Sögusetrið á Hvolsvelli

Dagsetning viðburðar: 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Kl. 17:00–18:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Fyrirlestur Jóns Karls Helgasonar um Njálu

Jón Karl Helgason er prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Hann hefur skrifað fjölda greina og fræðibóka um íslenskar bókmenntir og má þar m.a. nefna bækurnar „Hetjan og höfundurinn“ og „Höfundar Njálu“. Njála hefur aldrei verið „sett í leikbúning“ í heild sinni, né hefur verið skrifuð leikgerð eftir sögunni eða kvikmyndahandrit sem spannar hana alla. Þekktast íslenskra leikverka eftir efni Njálu er leikrit Jóhanns Sigurjónssonar „Lygarinn“, en fjölmörg útlend leikskáld hafa sótt efni og innblástur í Njálu og útkoman víða bæði óvenjuleg og ögrandi.

Sumarið 2012 sýndum við hér á Sögusetrinu nýjan frumsaminn

einleik upp úr efni Njálu:

Gestaboð Hallgerðar eftir Hlín Agnarsdóttur með Elvu Ósk Ólafsdóttur í titilllutverki og síðar á þessu ári frumsýnum við hér á setrinu annan frumsaminn einleik upp úr efni Njálu, verk um Möð Valgarðsson sem Friðrik Erlingsson rithöfundur er að semja sérstaklega fyrir setrið.

Blómagarðurinn, garður áhugamannsins

Staðsetning: Hvolsskóli, Hvolsvelli.

Dagsetning viðburðar: 3. apríl

Tímasetning viðburðar: kl. 20:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Kristleifur Guðbjörnsson flytur leyndardómsfullt erindi sem hann nefnir „Blómagarðurinn, garður áhugamannsins“ Í erindinu fjallar Kristleifur um rósir, lauka, liljur, daliur og ýmsar fjölærar plöntur, allt tegundir sem dafna vel á Íslandi.

Frítt í sund og líkamsrækt á Hvolsvelli

Staðsetning: Íþróttamiðstöðin, Vallarbraut 16, Hvolsvelli.

Dagsetning viðburðar: 5. apríl.

Tímasetning viðburðar: kl. 10:00–17:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Frítt í sund og líkamsrækt.

Landsbanki Íslands

Staðsetning: Austurvegi 6, Hvolsvelli.

Dagsetning viðburðar: 28. mars.

Tímasetning viðburðar: kl. 09:00–16:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Opið hús og veitingar fyrir gesti og gangandi. Valið tónlistaratriði kl. 15:00.

Ljósmyndasýning.

Allir krakkar fá gjöf frá bankanum.

Herjólfur til Eyja – 2 fyrir 1

Staðsetning: Landeyjahöfn.

Dagsetning viðburðar: Laugardagarnir 29. mars og 5. apríl

Tímasetning viðburðar: Allan daginn þessa báða daga samkvæmt áætlun á www.herjolfur.is

Um hverskonar viðburð er að ræða: Sigling milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar á verði 2 fyrir 1.

Opið bú á Þorvaldseyri

Staðsetning: Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum.

Dagsetning viðburðar: 5. og 6. Apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 11:00–17:00 báðra dagana

Um hverskonar viðburð er að ræða: Gestastofan opin alla dagana, verð 500 krónur á mann, frítt fyrir 12 ára og yngri. Í Gestastofunni geta menn fræðst um eldgosið í Eyjafjallajökli og afleiðingar þess. Gestir velkomnir í heimsókn á Þorvaldseyri helgina 5. og 6. apríl og geta fræðst um starfsemi Eyrarbúsins e.h.f.

Ef um hópa er að ræða 10 eða fleiri, þá þarf að panta í síma 4875757

Jeppaferð á Eyjafjallajökul

Staðsetning: Hamragarðar

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: kl. 10:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Okkar sívinsæla jeppaferð upp að toppgíg Eyjafjallajökuls þar sem útsýnið yfir Vestmannaeyjar og sveitina er stórbrotið. Keyrt er frá Hamragörðum kl. 10:00 og tekur ferðin ca. 4–5 klst.. Verð kr. 15.900.– pr. Mann

Bóka þarf kvöldinu áður í síma 867 3535

Opið hús og léttar veitingar á Country Hótel Önnu

Staðsetning: Country Hótel Anna, Moldnúpi undir Eyjafjöllum.

Dagsetning: 5. apríl.

Tímasetning: kl. 11:00–16:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Opið hús og kynning á starfsemi hótelsins og sýningin Anna frá Moldnúpi, boðið uppá fríar léttar veitingar. Einnig frír bjór með súpunmni frá Ölfisholti. Hlökkum til að sjá ykkur.

Anna í Stóru Borg

Staðsetning: Heimaland undir Eyjafjöllum

Dagsetning viðburðar: 6. apríl, 7. apríl og 9. apríl

Tímasetning viðburðar: Kl. 20.30 alla dagana

Um hverskonar viðburð er að ræða: Föstudagskvöldið 4. apríl (uppselt) mun Leikfélag Austur-Eyfellinga frumsýna frumsamda leikgerð eftir skáldsögu Jóns Trausta um Austur-Eyfellingsinn Önnu Vigfúsdóttur í Stóru-Borg. Margrét Tryggvadóttir leikskólakennari á Hvolsvelli skrifar leikgerðina og leikstjóri er Sveinn Óskar Ásbjörnsson. Þátttakendur eru á þriðja tug. Miðaverð er 2.500 krónur (ekki posi). Miðapantanir á leikfelagausture@gmail.com eða hjá Ingu í síma 846-0781 milli 17:00 og 19:00.

Ásahreppur



Opið hús í Hestheimum

Staðsetning: Ásahreppur, milli Selfoss og Hells.

Dagsetning viðburðar: 5. og 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Kl. 13:00–18:00 báða dagana

Um hverskonar viðburð er að ræða: Þessa helgi verður Kaffi, djús og heimabökuð súkkulaðikaka fyrir alla í boði Hestheima Teymt undir börnum yngri en 8 ára úti Leikur í reiðhöllinni, t.d. skeifukast, hjólbardoðhlaup og fleira skemmtilegt.

Heimsókn í hesthúsið: gestir fá að kemba hestum, hreinsa úr hófum og klappa hestunum Heimsókn á sveitabæ; gestir fá að klappa geithafrinum Loka, kisunum Tíu og Tímoníu, tikinni Týru og hestunum auðvitað. Mögulega verða einnig fleiri dýr á svæðinu :)

Frásögn og leiðsögn um álfabyggðir í Hestheimum.
Nafnasamkeppni um tvær álfabyggðir í Hestheimum.
Vegleg verðlaun í boði: Gisting fyrir 4 með morgunverði og klukkutíma hestaferð, andvirði verðlaunanna er 46.000 krónur.

Kynning á viku reiðnámskeiðum Hestheima fyrir 8–12 ára börn í júní 2014.

Kynning á starfsemi Hestheima: hvatahópar, námskeið fyrir hræddar konur, helgarreiðnámskeið, járníngarnámskeið, gisting, veitingastaður, hestaferðir og fleira. Allir gestir sem vilja verða leystir út með kveðjugjöf. Sjá nánar, www.hestheimar.is

Hamborgaraveisla á Hrauneyjum

Staðsetning: Hálandismiðstöðin Hrauneyjar, 851 Hella.

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl.

Tímasetning viðburðar: Grillið á veitingastaðnum er opið alla daga frá kl. 09:00–21:00 nema föstudaga og laugardaga þá er opið 09:00–23:00.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Einn frægasti hamborgari landsins „Strekkingur“ með frönskum, sósu og gosi á aðeins 1.500 kr. (Á hamborgaranum er ostur, sósa, kál, tómatar, sveppir, beikon og egg).

Mýrdalshreppur



Afþreying með Arcanum Glacier Tours

Staðsetning: Arcanum – Ytri Sólheimar 1, 871 Vík í Mýrdal.

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Brottfarir daglega kl. 10:00 – 12:00 – 15:00. Vinsamlegast mætið tímanlega, 30 min. fyrir brottför.

Um hverskonar viðburð er að ræða:

- Jöklaganga á Sólheimajökli, 1.5 tími á jökli = 5.000 ISK pr. mann. (Allir búnaður til jöklagöngu er innifalinn í verðinu. Broddar, belti, hjálmur og ísexi)
- Fjólhjólaferð = 10.000 ISK pr. mann (2 á hjóli) Skemmtileg ferð þar sem er keyrt um Sólheimasand. Keyrt við flæðarmálið, farið yfir ár og flugvélaflak meðal annars skoðað
- Vélsleðaferð á Mýrdalsjökli, 1 kl.tími á sleða = 15.000 ISK pr mann (2 á sleða. Akstur upp á jökul og til baka frá Sólheimakoti er innifalið)
- Vélsleðaferð á Fimmvörðuháls, 2 – 3 tímar á sleða = 35.000 ISK pr. mann (2 á sleða. Farið upp á Mýrdalsjökul og keyrt yfir á gosstöðina á Fimmvörðuhálsi. Akstur upp á jökul og til baka frá Ytri-Sólheimum er innifalið.)

Eitthvað annað sem þarf að taka fram: Allur öryggisbúnaður er innifalinn í verði.

Við biðjum fólk að klæða sig eftir veðri, með hlý fót, háfu og vettlinga, góða gönguskó og vatnsheldar buxur/úlpu. Vinsamlegast athugið að ökumenn í vélsleða- og fjórhjólaferðum þurfa að vera með gilt ökuskírteini. Frekar upplýsingar í síma 487 1500 eða gegnum póstfangið info@arcanum.is

Málþing um Skaftfelling og Sigrúnu Jónsdóttur

Staðsetning: Félagsheimilið Leikskálar og Kötlusetur í Vík í Mýrdal

Dagsetning viðburðar: 29. mars

Tímasetning viðburðar: Kl. 14:00–16:30

Um hverskonar viðburð er að ræða: Málþing um Skaftfelling og Sigrúnu Jónsdóttur verður haldið í Vík í Mýrdal. Skaftfellingur er einn af leyndardómum Suðurlands en von okkar er að hann verði sýnilegri. Málþingið er haldið til þess að auka þekkingu og áhuga almennings á Skaftfellingi, sögu hans og aðkomu Sigrúnar Jónsdóttur að málefnum Skaftfellingis.

Opin vinnustofa hjá Gallerí leirbrot og gler

Staðsetning: Bakkabraut 6, Vík.

Dagsetning viðburðar: 31. mars.

Tímasetning viðburðar: Kl. 13:00–19:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Gallerí leirbrot og gler er staðsett á Bakkabraut 6 í Vík í Mýrdal. Galleríið er opið allt árið en rauður fáni er fyrir utan húsið, ef fáninn er við hún er opið. Guðrún Sigurðardóttir gerir ýmsa muni úr gleri svo sem skálar, diska, kertastjaka, gluggaskraut og svo mætti lengi telja. Gaman er að segja frá því að nánast allir veitingastaðir í Vík nýta eitthvað af munum frá Guðrúnu. Mánudaginn 31. mars mun Guðrún Sigurðardóttir opna vinnustofu sína ásamt því að sýna bollasafn sitt sem er á heimili hennar, þar hafa allir bollar sína sögu.

Myndlistarsýning

Staðsetning: Halldórskafti, Vík.

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl.

Tímasetning viðburðar: Myndlistarsýning, opið alla dagana kl. 12.00–22.00.

Kaffihlaðborð og upplestur kl. 15:00–16:00, 1. apríl

Um hverskonar viðburð er að ræða: Nemendur leikskóladeildar sýna verk sín með túss- og vatnslitamálan.

Kaffihlaðborð, nemenda úr 6. og 7. bekk Víkurskóla verða með upplestur.

Íþróttadagur fjölskyldunnar

Staðsetning: Íþróttahúsið Vík.

Dagsetning viðburðar: 6. apríl

Tímasetning viðburðar: kl. 10:20–16:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Íþróttadagur fjölskyldunnar í Vík í Mýrdal, allir velkomnir. Frítt verður í sund.

Dagskrá:

Kl. 10:20–11:00 Prautabraut fyrir leikskólabörn

11:00–12:00 Hlaupabingó fyrir 6–11 ára

12:00 Brenniboltamót fyrir 12 ára og eldri

Æskilegt er að foreldrar komi með börnunum fyrir prautabraut og hlaupabingó.

Hótel Vík í Mýrdal – 20% afsláttur af gistingu og morgunmat

Staðsetning: Vík í Mýrdal

Dagsetning viðburðar: 29. mars – 6. apríl.

Tímasetning viðburðar: Á öllum tímum dags

Um hverskonar viðburð er að ræða: Afsláttur af gistingu og morgunverði á einu best búna hóteli Mýrdalshrepps. Hótelid mun opna formlega fullbúið þann 1. júní n.k. Þnata þarf fyrirfram og taka fram að heimsóknin sé í tilefni af Leyndardómum Suðurlands.

Norður-og Suður Vík

Staðsetning: Vík í Mýrdal

Dagsetning viðburðar: 29. mars – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Norður-Vík er alltaf opin. Opið er í mat í Suður-Vík alla daga frá kl. 18:00–21.00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Afsláttur af gistingu og morgunverði á Norður-Vík og afsláttur af kvöldverði á Suður-Vík. Þnata þarf fyrirfram og taka fram að tilefnið sé Leyndardómar Suðurlands.

Arion tónaflóð

Staðsetning: Útibúið í Vík í Mýrdal

Dagsetning viðburðar: 4. apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 15:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Flutt verður tónlist í útibúinu kl. 15.00. Kleinur í boði með kaffinu.

Skaftárhreppur



Hanastéls- og smáréttakvöld

Staðsetning: Fosshótel Núpar, Skaftárhreppi.

Dagsetning viðburðar: 4. apríl.

Tímasetning viðburðar: kl. 19:00–23:30

Um hverskonar viðburð er að ræða: Hanastéls- og smáréttakvöld á Fosshótel Núpum. Verð aðeins 5.900.

Opið hús, morgunverðarhlaðborð og kaffi á Hótel Geirlandi

Staðsetning: Hótel Geirland, 880 Kirkjubæjarklaustri.

Dagsetning viðburðar: 30. mars.

Tímasetning viðburðar: Kl. 8:00–11:00 og heitt á könnunni eftir það.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Við á Hótel Geirlandi viljum bjóða fólki í morgunhressingu eða dögurð (Brönch) sunnudaginn 30. mars. Ásamt því verður opið hús hjá okkur og fólki bjóðst að skoða hótelið. Sem sagt opið hús, heitt á könnunni, bröns og að kostar ekkert Opið verður frá 8:00 – 11:00 í dögurðinn. Eftir það verður áfram heitt á könnunni hjá okkur. Verið velkomin og við hlökkum til að sjá sem flesta.

Gönguferð um sögustaðinn Þykkvabæjarklaustur í Álftaveri

Staðsetning: Nonna og Brynjuhús, Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri

Dagsetning viðburðar: 30. mars.

Tímasetning viðburðar: Kl. 14:00–16:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Gengið verður um sögustaðinn Þykkvabæjarklaustur í Álftaveri með ábúendum sem segja frá merkri sögu staðarins. Sjá nánar á

www.kiddasiggi.is

Gönguferð að Sæluhúsinu við Dýralækjasker

og vígsla þess eftir endurbætur og gerð fræðsluefnis á vegum Fótspora – félags um sögu og minjar í Skaftárhreppi

Staðsetning: Gengið verður frá áningarstað

Vegagerðarinnar við Dýralæki á Mýrdalssandi

Dagsetning viðburðar: 29. mars

Tímasetning viðburðar: Kl. 14:00–16:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Gönguferð með leiðsögn. Gangan hefst við áningarstað Vegagerðarinnar við Dýralæki en þaðan er gengið inn að sæluhúsinu við Dýralækjasker. Fótspor – félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi hefur nýlega unnið að endurbótum á húsinu og gerð fræðsluskiltis sem fjallar meðal annars um upphaf og ástæður þess að sæluhús var byggt við Dýralækjasker á sínum tíma. Fararstjóri göngunnar verður Jóhannes Gissurarson á Herjólfstöðum og boðið verður upp á kaffihressingu í sæluhúsinu. Svo er gengið aftur tilbaka að bílastæðinu. Ökufært er að sæluhúsinu fyrir flesta bíla, séu þeir ekki mjög lágir, og því geta þeir sem ekki sjá sér fært að ganga farið akandi.

Bíódagur í félagsheimilinu Kirkjuhvoli

Staðsetning: Félagsheimilið Kirkjuhvoli á

Kirkjubæjarklaustri

Dagsetning viðburðar: 5. apríl

Tímasetning viðburðar: kl. 15:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Sýnd verður myndin „Algjör Sveppi og dularfulla hótélherbergið“. Frítt inn á sýninguna.

Bleikur Föstudagur í boði Klausturbleikju og Icelandair Hótel Klaustur.
Staðsetning: Icelandair Hótel Klaustur, Vinnslustöð Klausturbleikju Kirkjubæjarklaustri og eldisstöð Klausturbleikju Teygingarlæk.
Dagsetning viðburðar: 28. mars (föstudagur).
Tímasetning viðburðar: Kl 15:00–22:00, skoðun á vinnslu og eldisstöð frá 15:00–18:00 og veitingasalur opin frá 18:00–22:00
Um hverskonar viðburð er að ræða: Ópið hús hjá Klausturbleikju, Birgir Þórisson framkvæmdastjóri Klausturbleikju tekur á móti og kynnir Klausturbleikjuna fyrir gestum og gangandi milli 15:00 og 18:00. Frá 18:00–22:00 mun Icelandair Hótel Klaustur í samstarfi við Klausturbleikju bjóða upp á **FRÍAN** þriggja rétta matseðil þar sem Klausturbleikjan verður í aðalhlutverki. Um takmarkað sæta framboð verður að ræða og verða því gestir að panta borð fyrirfram í síma 487 4900. Samhliða þessu verður tilboð á gistingu á Icelandair Hótel Klaustri, tveggja manna herbergi ásamt morgunverði á kr.12.000 kr.- 28. – 29. mars 2014.

Arion tónaflóð

Staðsetning: Afgreiðsla bankans á Kirkjubæjarklaustri
Dagsetning viðburðar: 4. apríl.
Tímasetning viðburðar: Kl.15:00
Um hverskonar viðburð er að ræða: Flutt verður tónlist í útibúinu kl. 15.00. Kleinur í boði með kaffinu.

Fjár sjóðsleit á Hótel Laka

Staðsetning: Hótel Laki / Efri-Vík, 880 Kirkjubæjarklaustur
Dagsetning viðburðar: 2. og 3. apríl
Tímasetning viðburðar: Ópið frá 17:00 2.apríl og frá 10:00 þann 4. apríl.
Þátttaka skráist á www.hotellaki@hotmailaki.is með tilvísun í „Leyndardómar Suðurlands“ meðan laus eru herbergi.
Um hverskonar viðburð er að ræða: Frí gisting og morgunverður 2. og 3. apríl. Við innritun fá gestir okkar fjár sjóðsleitarkort /ratleik um Efri-Vík sem tengist jarðsögu og sögnum svæðisins. Dregið verður úr fjár sjóðskortum í lok vikunnar þar sem einhver heppinn þáttakandi fær gjafabréf frá Hótel Laka.

Leyndardómar og litadýrð vestan Vatnajökuls

Staðsetning: Skaftárstofa, Kirkjubæjarklaustri
Dagsetning viðburðar: 4. apríl.
Tímasetning viðburðar: kl. 17:00–18:00
Um hverskonar viðburð er að ræða: Snorri Baldursson, þjóðgarðsvörður á vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, verður með erindi og myndasýningu frá þessu stórbrotna svæði.

Frítt í sund á Kirkjubæjarklaustri

Staðsetning: Íþróttamiðstöðin á Kirkjubæjarklaustri
Dagsetning viðburðar: 29. mars.
Tímasetning viðburðar: Frá kl. 11:00–20:00
Um hverskonar viðburð er að ræða: Frítt verður í sund laugardaginn 29. mars frá kl. 11:00–20:00.

Hornafjörður



Í minningu Þórbergs Þórðarsonar – Menningardagskrá í Þórbergssetri

Staðsetning: Hali í Suðursveit, Austur-Skaftafellssýslu
Dagsetning viðburðar: 23.mars.
Tímasetning viðburðar: kl. 14:00
Um hverskonar viðburð er að ræða: Jón Gnarr les úr verkum sínum, Samkór Hornafjarðar syngur og afhending innbundinna frumútgáfa af verkum Þórbergs Þórðarsonar.

Bridgehelgi og hrossakjötsveisla í Þórbergssetri

Staðsetning: Hali í Suðursveit, Austur-Skaftafellssýslu.
Dagsetning viðburðar: 4. – 6 apríl
Tímasetning viðburðar: Alla helgina
Um hverskonar viðburð er að ræða: Byrjað að spila bridgetvrímenning kl 14:00 á laugardag og spilað linnulaust til hádegis á sunnudag. Aðeins hlé frá kl 19:30 – 20:30 á laugardagskvöld og etið saltað hrossaskjöt með tiheyrandi góðgæti. Allir velkomnir

Fuglaskoðun og söguferð í Ingólfshöfða

Staðsetning: Ingólfshöfði, Örfæum.
Dagsetning viðburðar: 4. apríl
Tímasetning viðburðar: kl. 13:00
Um hverskonar viðburð er að ræða: Ekið verður á Dráttarvél með heykerru yfir leirurnar. (farpegarnir standa á heykerru). Aksturinn er um 30. mín. (koma vel klædd) Gengið er uppá Höfðann með leiðsögumanni sem segir hópnum sögulegar staðreyndir um Höfðann og svæðið. Einnig verður lundinn skoðaður og aðrar sjófuglategundir.

Gistiheimilið Dyngja, Höfn – 2 fyrir 1

Staðsetning: Hafnarbraut, Höfn.
Dagsetning viðburðar: Helgarnar 28.–29. mars og 4.–5. apríl
Tímasetning viðburðar: Allan sólarhringinn
Um hverskonar viðburð er að ræða: Tökum vel á móti gestum á Gistiheimilinu Dyngju á Höfn í Hornafirði. Morgunverður innifalinn. Erum staðsett alveg við höfnina og ekki skemmir að veitingastaðurinn **Humarhöfnin**, er hinu megin við götuna ásamt **Gömlubúð**, gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs.

Vatn og vellíðan

Staðsetning: Sundlaug Hornafjarðar.

Dagsetning viðburðar: 2. apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 06:45–21:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Frítt í sund þennan dag á Höfn.

Gengið fyrir Horn og jóga

Staðsetning: Hornafjörður.

Dagsetning viðburðar: 30.mars.

Tímasetning viðburðar: Kl. 10:00–14:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Skemmtileg og fræðandi ganga fyrir Horn. Lagt af stað frá tjaldstæði Hafnar og ekið inn að Papós. Gengið frá Papósi, fyrir Horn og niður í Hornvík þar sem Hulda Laxdal, jógakennari mun leiða okkur í jógaæfingum.

Brjóstsykursgerð

Staðsetning: Vöruhúsið á Hornafirði

Dagsetning viðburðar: 27. mars

Tímasetning viðburðar: Kl. 17:00–19:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Kennnd verða undirstöðuatriði í brjóstsykursgerð. Hægt er að læra að búa til brjóstsykur af öllum stærðum og gerðum, litum og bragðtegundum. Námskeiðið kostar 500 kr. og hægt er að skrá sig hjá vilhjalmurm@hornafjordur.is eða í síma 862 0648.

Konukvöld á Höfn

Staðsetning: Hótel Höfn

Dagsetning viðburðar: 5. apríl

Tímasetning viðburðar: Kl. 19:30 og fram eftir kvöldi.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Suðræn sveifla í fordrykk, tapas og töfrandi tónum, töff tískusýning, það flottasta í hár og förðun. Glens og grín undir stjórn veislustjóra. Happadrætti, húllumhæ og hamingja.

Suðræn stemning á Hótel Höfn

Staðsetning: Hótel Höfn.

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Allan daginn alla dagana

Um hverskonar viðburð er að ræða: Að tilefni Leyndardóma Suðurlands hefur kokkurinn okkar Jose sett saman spennandi spænskan smáréttaseðil „TAPAS“ sem verður í boði eingöngu þessa daga. Einstök upplifun sem enginn má missa af.

Leyndardómur Löngustínu

Staðsetning: Humarhöfnin, Hafnarbraut 4, 780 Höfn.

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6.apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 18:00–22:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Tilboð á sérvöldum humarréttum.

Frá hugmynd að veruleika

Staðsetning: Kartöfluhúsið, Heppuvegi 5, 780 Höfn.

Dagsetning viðburðar: 3. apríl – 6. apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 14:00–18:00 fimmtudag og föstudag, kl. 12:00–16:00 laugardag og sunnudag.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Tökum vel á móti gestum og gangandi í verslun Millibör og Arfleifðar í Kartöfluhúsinu á Hornafirði, með sýningunni frá "Hugmynd að Veruleika". Sem gefur gestum kost á að kynnast hönnunar og framleiðslu fyrirtækjunum Millibör og Arfleifð sem og uppbyggingu verslunar Kartöfluhússins.

Tónleikar með Eyjólfri Kristjánssyni

Staðsetning: Hótel Höfn.

Dagsetning viðburðar: 29 mars (laugardagur).

Tímasetning viðburðar: Hefst kl. 22:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Happy Hour á milli 21:00 og 22:00 fyrir tónleikagesti í efri sal Hótel Hafnar. Kl 22:00 kemur hinn margrómaði Eyjólfur Kristjánsson með gítarinn spilar og syngur sín þekktu lög fyrir tónleikagesti. Aðgangseyrir 1700 kr., 1000 kr. fyrir matargesti. Það eru borðapantanir fyrir Tapasinn í síma 4781240 öll kvöld alla daga á meðan Leyndardómar Suðurlands eru.

Mannlífsmyndir frá Hornafirði

Staðsetning: Bókasafnið í Ngheimum.

Dagsetning viðburðar: Laugardagana 29. mars og 5. apríl 2014.

Tímasetning viðburðar: Opíð hús frá 11:00–15:00.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Um er að ræða sýningu af mannlífsmyndum frá Hornafirði sem teknar hafa verið við hin ýmsu tækifæri síðastliðin 100 ár. Á þessum myndum kennir ýmissa grasa og munu margir eflaust hafa gaman að.

Stjörnuskoðun í stjörnuathugunarstöð Náttúrustofu Suðausturlands

Staðsetning: Höfn í Hornafirði – við Fjárhúsavík (leiðin út að Ægissíðu).

Dagsetning viðburðar: 1. apríl og 3. apríl.

Tímasetning viðburðar: kl. 20:30–22:00 bæði kvöldin

Um hverskonar viðburð er að ræða: Boðið verður upp á stjörnuskoðun, ef veður leyfir frá nýbyggðri stjörnuathugunarstöð við Fjárhúsavík nærri Höfn í Hornafirði. Stöðin er byggð sem rannsóknarstöð fyrir stjörnur, en opnunartímar fyrir almenning ræðst af þeim rannsóknum sem eru í gangi. Ef það verður þungskýjað þegar viðburðurinn er áætlaður, verða nánari upplýsingar settar samdægurs á vef náttúrustofu, www.nattsa.is

Fluguhnýtingakennsla

Staðsetning: Vöruhúsið á Hornafirði

Dagsetning viðburðar: 28. mars

Tímasetning viðburðar: Kl. 17:00–19:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Kennð verða undirstöðuatriði í fluguhnýtingum, hvaða hráefni eru notuð og hvernig hægt er að nálgast þau. Hnýttar verða ýmsar gerðir af flugum fyrir mismunandi veiðar eins og t.d. silungaflugur, púpur, þurrflugur, straumflugur, nobblerar, laxaflugur, þríkrækjur og gárutúbur. Farið verður lítillega í vistfræði vatna og áa og talað um þær lífverur sem veiðiflugurnar líkja eftir. Einnig verða kenndir algengir hnútar í fluguveiðinni, eins og Blóðhnúturinn og Portlandsbragð sem notað er til þess að búa til svokallaðan “Dropper” (hafa fleiri en eina flugu á taum), ásamt ýmsum góðum ráðum er tengjast fluguveiðum. Svo verða auðvitað sagðar veiðisögur þegar sá stóri slapp. Upplýsingar gefur vilhjalmurm@hornafjordur.is eða í síma 862 0648.

Brennibolti

Staðsetning: Báran.

Dagsetning viðburðar: 1. apríl.

Tímasetning viðburðar: kl. 19:30 og frameftir kvöldi.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Gömul skólaíþrótt sem hefur verið endurvakin og þá aðallega hjá konum. En gestum gefst kostur á að keppa í brennó. Skráning á staðnum.

Opið hús í Vöruhúsinu

Staðsetning: Vöruhúsið á Hornafirði.

Dagsetning viðburðar: 3. apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 17:00–19:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Við ætlum að opna Vöruhúsið fyrir gestum og gangandi og sjána þá starfsemi sem er í húsinu. Boðið verður upp á myndlist, tónlist, ljósmyndun og tísku. Einnig verður kennsla í green screen kvikmyndun og eftirvinnslu. Boðið verður upp á kynningu á Fab Lab hönnunarsmiðju en Vöruhúsið stefnir á að verða fullgild Fab Lab smiðja á komandi misserum. Hægt er að nálgast upplýsingar hjá: vilhjalmurm@hornafjordur.is eða í síma 862 0648. Verið velkomin í Vöruhúsið, hús list-og verkgreina á Hornafirði.

Samspil manns og náttúru undir jökli í 1100 ár.

Leiðsögn um Gömlubúð

Staðsetning: Gamlabúð, gestastofa Vatnajökulspjöldgarðs við Höfnina

Dagsetning viðburðar: Laugardagana 29. mars og 5. apríl

Tímasetning viðburðar: kl. 13:00 og kl. 15:00 báða dagana

Um hverskonar viðburð er að ræða: Um er ræða leiðsögn um Gömlubúð þar sem farið verður yfir sögu Hornafjarðar, búsetuþróun í héraðinu og samspil manns og náttúru undir jökli í 1100 ár.

Humarveisla

Staðsetning: Kaffi Hornið, Hafnarbraut 42, Höfn.

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: kl. 18:00–21:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: 20% afsláttur af öllum humarréttum alla Leyndardómsdagana.

Landsbankinn á Höfn, opið hús

Staðsetning: Hafnarbraut 15

Dagsetning viðburðar: Föstudagur 28. mars

Tímasetning: 09:00 til 16:00.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Opið hús og veitingar fyrir gesti og gangandi. Valið tónlistaratriði kl. 15:00. Myndlistasýning á Svavars safni sem er til staðar í útibúi. Allir krakkar fá gjöf.

Gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs

Staðsetning: Gamlabúð Höfn.

Dagsetning viðburðar: 28.mars og 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Kl. 10:00–18:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Gestastofa

Vatnajökulspjóðgarðs og upplýsingamiðstöð verður með lengdan opnunartíma. Þar er sagt frá samspili manns og náttúru, jöklum og jarðfræði. Sérstök áhersla er lögð á fuglalíf enda er Hornafjörður einn helsti viðkomustaður farfugla á Íslandi. Einnig er ítarlega fjallað um loftslagsbreytingar og hvaða áhrif þær muni hafa á líf okkar í framtíðinni. Í Gömlubúð er lítil ferðamannaverslun með áherslu á bækur, minjagrip og vörur úr héraði. Í húsinu er gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða.

Flugfélagið Ernir

Staðsetning: Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjar.

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Á áætlunartíma flugsins

Um hverskonar viðburð er að ræða: Það verður 10% afsláttur af almennu verði á flugi á Höfn og til Vestmannaeyja alla Leyndardómsdagana. Bókanir þurfa að fara á bokanir@ernir.is með tilvísun v/Leyndardóma Suðurlands.

Heimsókn í uppsjávarskipið Ásgrím Halldórsson hjá Skinney-Þinganes

Staðsetning: Bryggjan á Höfn.

Dagsetning viðburðar: 31. mars og 3. apríl

Tímasetning viðburðar: Opíð skip frá kl. 15:00–17:00 báða dagana.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Skoða vel útbúið uppsjávarskip í leiðsögn skipverja.

Ólga tröllastelpa og leyndardómar Heinabergs. (Fyrir börnin og alla fjölskylduna)

Staðsetning: Gamlabúð Höfn og Heinaberg

Dagsetning viðburðar: 5.apríl.

Tímasetning viðburðar: Kl. 12:00–15:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Viðburður fyrir fjölskylduna sem samanstendur af sögustund og vettvangsferð inn í Heinaberg. Mæting í Gömlubúð þar sem sögð verður sagan af Ólgu tröllastelpu í Bólstaðargili. Sögunni er ætlað að sýna börnunum mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna og fræða þau um tilgang þjóðgarða sem er t.d.:

Að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki og jarðmyndanir, og menningarminjar þess.

Að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu.

Börnin munu fá lítið verkefnablað með spurningum úr sögunni sem viðkemur Heinabergi. Eftir sögustundina munum við fara inn í Heinaberg og skoða staðinn hennar Ólgu tröllastelpu. **ATH.** Börnin þurfa að vera í fylgd með fullorðnum þar sem þau þurfa að komast inn í Heinaberg sem er um 35 min. akstur frá Höfn.

Nýgheimavika

Staðsetning: Þekkingarsetrið Nýgheimar, Höfn í Hornafirði.

Dagsetning viðburðar: 31.mars – 4. apríl.

Tímasetning viðburðar: Hádegisviðburðir og eitthvað í gangi á hverjum degi.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Í Nýgheimavíkunni verður starfsemi Nýgheima gert hátt undir höfði og öllum boðið í heimsókn að kynna sér það sem þar fer fram. Matisdagurinn verður 31. mars með örerindum og námskeiðum, stjörnuskoðunarmynd, norðurljósmynd. Á Nýgheimadaginn 4. apríl verður starfsemin kynnt með leiksýningu og súpu.

Vestmannaeyjar



Staðlausir Stafir

Staðsetning: Sagnheimar, byggðasafn Vestmannaeyja

Dagsetning viðburðar: 29. mars

Tímasetning viðburðar: Sýningaropnun kl. 14:00, kynning kl. 14:00–16:00 Sýningin sjálf stendur fram á haust á opnunartíma safnsins.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Opnun sýningar á samstæðum safngripum úr geymslu Sagnheima, sem hver segir sína sögu. Auk þess kynntir til sögunnar ómetanlegir dýrgripir Júlíönu Sveinsdóttur, sem safninu bærast frá Danmörku fyrir skömmu og niðurstöður fyrirspurna um skipsklukku sem skipverjar á Þórunni Sveinsdóttur VE færðu safninu til varðveislu í desember sl. Sjá nánar á www.sagnheimar.is og www.safnahus.vestmannaeyjar.is

Alþjóðlistamaður í héraði, Kristleifur Magnússon

Staðsetning: Einarssstofa, Safnahúsi í Vestmannaeyjum.

Dagsetning viðburðar: 3. apríl.

Tímasetning viðburðar: kl. 17:00. Sýningin stendur fram undir páska

Um hverskonar viðburð er að ræða: Listvinir Safnahúss eru félagasamtök sem hafa á undanförunum 3–4 mánuðum staðið fyrir reglulegum myndlistarsýningum í Safnahúsi. Ýmist er um að ræða sýningar á listaverkum úr förum listasafns Vestmannaeyja; sýningar listamanna úr Vestmannaeyjum eða annars staðar eða að dregin eru fram verk eftir einstaklinga úr Vestmannaeyjum sem eru lítt eða jafnvel alls ekki þekktir sem listamenn, enda hefur æviferillinn troðið aðra slóð.

Ljósamyndadagur Safnahúss

Staðsetning: Safnahús Vestmannaeyja, Ingólfsstofa

Dagsetning viðburðar: 3. apríl

Tímasetning viðburðar: Kl. 13:00–16:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Varpað verður upp á vegg myndum úr söfnum ljósmyndara í Vestmannaeyjum frá síðustu öld. Sjá nánar á: www.safnahus.vestmannaeyjar.is og á facebókarsíðu Bókasafns Vestmannaeyja.

Vöruhús minninganna

Staðsetning: Vöruhúsið, Skólavegi 1, Vestmannaeyjum.

Dagsetning viðburðar: 28. mars

Tímasetning viðburðar: Opnun sýningar og kynning samstarfsverkefnis Vöruhúss og Safnahúss 28. mars kl. 17:00–17:30. Sýningin verður áfram á opnunartíma Vöruhúss.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Upphaf samstarfs Vöruhúss og Safnahúss um að sýna þekktar sem óþekktar myndir úr ljósmyndasafni Vestmannaeyja. Gestir sem bera kennsl á áður óþekktar myndir eru beðnir að rita niður nöfn eða skýringar.

Lifandi myndir úr Vestmannaeyjum

Staðsetning: Safnahús Vestmannaeyja, Einarssstofa.

Dagsetning viðburðar: 29. mars

Tímasetning viðburðar: kl. 13:00–14:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Sýnd verða brot úr áður óþekktum kvikmyndum úr Eyjum frá seinustu öld.

Sjá nánar á www.safnahus.vestmannaeyjar.is og á www.facebook.com

Vísindi og vínarbrauð

Staðsetning: Sæheimar – Fiskasafn Vestmannaeyjum **Dagsetning viðburðar:**

Laugardaginn 29. mars og þriðjudaginn 1. apríl

Tímasetning viðburðar: Laugardag kl. 16:00 og þriðjudag kl. 16:00

Um hverskonar viðburð er að ræða: Á laugardeginum mun Valur Bogason halda fyrirlestur sem nefnist „Lífsskilyrði sandsílis“ og á þriðjudeginum mun Páll Marvín Jónsson halda fyrirlestur sem nefnist „Rannsóknir á háhyrningum við Vestmannaeyjar“, Boðið verður upp á kaffi og vínarbrauð.

Tónleikar Kaleó

Staðsetning: Háaloftið, í Höllinni í Vestmannaeyjum

Dagsetning viðburðar: 5. apríl

Tímasetning viðburðar: Húsið opnar kl. 19:30 fyrir matargesti en fyrir tónleikagesti kl. 21:00. Tónleikarnir hefjast kl. 22:00.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Háaloftið er tónleikastaður og píanóbar sem er að opna formlega helgina 4.-5.apríl 2014. Hljómsveitina Kaleó þarf vart að kynna fyrir Íslendingum, en hún verður fyrsta hljómsveitin sem treður upp á þessum glæsilega tónleikastað. Verð á tónleikana er kr. 2.500,- Hægt verður að koma vel fyrir tónleikana og borða flottan mat og gíra sig vel upp fyrir tónleikana. Matseðillinn er:

B.b.g. samloka með svínarífjum, reyktri papriku, klettsalat og ricotta osti Krullufranskar og ferskt salat

Steikar "burger" með rauðlauksmajó, kremuðum sveppum, eggjakurli, beikon og bernaísekremi – Krullufranskar og ferskt salat

Spínat "tortilla" með papriku, cókileómötum, mozzarella, hvítlauk og kóriandersósu

Krullufranskar og ferskt salat

Kjúklingabitar með takkó-hjúp

Krullufranskar og ferskt salat

Allir réttir á 2500kr bjór – rauðvínsglas – gos

Herjólfur til Eyja – 2 fyrir 1

Staðsetning: Landeyjahöfn.

Dagsetning viðburðar: Laugardagarnir 29. mars og 5. apríl.

Tímasetning viðburðar: Allan daginn þessa báða daga samkvæmt áætlun á www.herjolfur.is

Um hverskonar viðburð er að ræða: Sigling milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar á verði 2 fyrir 1

Flugfélagið Ernir

Staðsetning: Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjar

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Á áætlunartíma flugsins

Um hverskonar viðburð er að ræða: Það verður 10% afsláttur af almennu verði á flugi á Höfn og til Vestmannaeyja alla Leyndardómadagana. Bókanir þurfa að fara á bokanir@ernir.is með tilvísun v/Leyndardóma Suðurlands.

Loðnuslútt – Höllin í Vestmannaeyjum

Dagsetning viðburðar: 29.mars (laugardagur).

Tímasetning viðburðar: Húsið opnar kl. 19:30 og stendur skemmtunin fram á rauða nótt

Um hverskonar viðburð er að ræða: Vetrarhátíð

Vestmannaeyja er matarskemmtun sem endar á dúndur dansleik. Pálmi Gunnarsson syngur sín bestu lög og hljómsveitin Made in sveitin, með Hreim Heimisson leikur undir. Ekki er ólíklegt að Hreimur taki eitthvað af sínum gullfallegu og sívinsælu Þjóðhátíðarlögum. Pálmi mun flytja nokkur lög yfir borðhaldi og eftir að matnum er lokið mun Pálmi syngja enn fleiri og þá væntanlega kraftmeiri lög.

Vetrarhátíð Vestmannaeyja, Loðnuslútt, hefur verið haldin undanfarin ár í Höllinni við miklar vinsældir. Verð á mat, skemmtun og dansleik er aðeins kr. 9.500.

Matseðillinn er:

Forréttur

Skötuselskinnar á humar-risottó

ásamt basilkremi og hollandaisésósu.

Aðalréttur

Nauta „entrecote“ með bökuðum kartöflum fylltum með steinseljurótarmauki, bökuðu steikargrænmeti og villisveppasósu

Eftirréttur

Súkkulaði-pecanhnetukaka með hnetubotni og heslihnetuís

Leyndarmál Arnórs bakara

Staðsetning: Vestmannaeyjum .

Dagsetning viðburðar: 28. mars – 6. apríl

Tímasetning viðburðar: Bakaríð er opið frá kl. 08:00-17:00 virka daga og 08:00-16:00 um helgar.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Kynning á heilsurúgbrauði Arnórs bakara, verð 490 kr. Brauðið er: án gers, án sykurs, án fitu og ekkert hvítt hveiti.

Kaffi Varmó – Sérstakt tilboð 5.-6. Apríl á Kr. 1000.-

Staðsetning: Strandvegi 51, Vestmannaeyjum.

Tímasetning viðburðar: Alla virka dag og svo helgina 5. Og 6. apríl.

Um hverskonar viðburð er að ræða: Sérstakt tilboð á

Leyndardómum Varmó á 1.000 krónur.

Veitingar – Leyndardómar úr eldhúsi.

Lesefni, bækur og blöð verður í Strætó alla Leyndardómsdagana í boði „bókabæjarins fyrir austan fjall“

